# VETRAR HÁTÍÐ

2.–5. FEBRÚAR ‘17



## VETRARHÁTÍÐ Á SELTJARNARNESI

Vetrarhátíð er haldin hátíðleg um allt höfuðborgarsvæðið og fara Seltirningar ekki varhluta af því. Við setningu hátíðarinnar, síðdegis fimmtudaginn 2. febrúar, verða fjölmargar byggingar og mannvirki á Nesinu lýstar upp með grænum og fjólubláum ljósum sem eru einkennislitir hátíðarinnar.

Föstudaginn 3. febrúar verður hátíð í Bókasafni Seltjarnarness með undirliggjandi draugaþema og laugardaginn 4. febrúar verður Sundlaug Seltjarnarness lýst upp með lifandi kyndlum og boðið upp á lifandi tónlist, dans, vatnabolta og margt fleira.

Allt frítt!

VETRARHATID.IS
#VETRARHATID

SELTJARNARNESBÆR

# Þorir þú á Safnanótt í Bókasafni Seltjarnarness?

**DRAUGAnammi – DRAUGAbækur – DRAUGAgangur**
**DRAUGAsögur – DRAUGAföndur – DRAUGAhellir**



## Föstudaginn 3. febrúar kl. 18.00 – 23.00

**18.00 – 19.00 Draugasögur í myrkrinu**
Draugasögur sagðar og farið í draugaleiki í dimmum draugahelli þar sem draugar sveima allt um kring

**18.15 og 22.30 Albert vitavörður í Gróttu**
Sýnt verður einstakt myndskeið eftir Þránd Thoroddsen um störf Alberts Þorvarðarsonar síðasta vitavarðar í Gróttu.

**18.15 -21.00 Vitasmiðja og draugagrímur**
Börnin búa til vita sem getur lýst leiðina heim og draugagrímur. Allur efniviður á staðnum.

**19.00 Blokkflautugengið hans Kára**
Fimmtíu blokkflautuleikarar frá Tónlistarskóla Seltjarnarness undir stjórn Kára Húnfjörð láta ljós sitt skína.

**20.00 og 21.00 Aldrei einn...! Albert og draugarnir í Gróttu**
Arndís Hrönn Egilsdóttir leikari leikles og deilir með gestum sögum um Albert vitavörð í Gróttu, en staðurinn var á sínum tíma talinn eitt alræmdasta draugabæli á Suðurlandi.

**20.30 og 22.00 Leiðsögn í Gallerí Gróttu**
Anna Júlía Friðbjörnsdóttur segir frá sýningu sinni þar sem saman fléttast auglýsingar úr breskum einkamáladálkum og ljósmyndir af aldargömlum rómverskum höggmyndum.

**21.30 Kvartettinn Kurr**
Þekktir jass-standardar í flutningi Völu Guðna söngkonu ásamt, Helgu Laufeyju Finnbogadóttur píanóleikara, Guðjóni Steinari Þorlákssyni kontrabassaleikara og Erik Qvick trommuleikara.



# Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarness

**Viltu veltast um í vatnaboltum, syngja, rifja upp danstakta eða bara slaka á með lifandi ljóskyndla allt umlykjandi?**

## Laugardaginn 4. febrúar kl. 18.00 – 23.00



**18.00 - 19.00 Vatnaboltar**
Einstakt tækifæri til að komast ókeypis í vatnaboltana og veltast um að vild.

**19.00 - 20.00 Söngatriði Selsins**
Ungmenni frá Seltjarnarnesi halda uppi fjörinu.

**20.00 - 21.00 Zumba**
Vatnazumba hentar öllum, ungum sem öldnum.
Dúndrandi stemning og stuð.

**21.00 - 22.00 Sundlaugaflot**
Seltjarnarneslaug er orðin þekkt fyrir sundlaugaflotið.
Notalegt að láta líða úr sér þegar dagur er að kveldi kominn.

**22.00 - 23.00 Diskó**
Diskóstemning fyrir alla ofan í vatni eða uppi á bakka.